

2066

Föstudaginn 13. desember 1991.

Nr. 172/1991. **Ákærvaldið**

(Björn Helgason saksóknari)
gegn

Franklín Friðleifssyni

(Ragnar Aðalsteinsson hrl.).

Skjalafals.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðrún Erlendsdóttir, Bjarni K. Bjarnason, Gunnar M. Guðmundsson, Haraldur Henryrson og Pétur Kr. Hafstein.

Ríkissaksóknari áfrýjaði máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 10. apríl 1991 að ósk ákærða, en einnig af hálfu ákærvalds til byggingar á refsingu.

Með vísan til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann.

Dæma ber ákærða til að greiða áfrýjunarkostnað málsins, eins og í dómsorði greinir.

D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Ákærði, Franklín Friðleifsson, greiði allan áfrýjunarkostnað málsins, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 30.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Ragnars Aðalsteinssonar hæstaréttarlögmanns, 30.000 krónur.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 12. mars 1991.

Ár 1991, þriðjudaginn 12. mars, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Arngrími Ísberg sakadómar, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 119/1991: Ákærvaldið gegn Franklín Friðleifssyni, sem tekið var til dóms sama dag.

Málið er höfðað með ákæruskjali ríkissaksóknara, út gefnu 19. febrúar sl., á hendur ákærða, Franklín Friðleifssyni, Hátúni 6, Reykjavík, fæddum 8. janúar 1945, fæðingarnúmer 233, „fyrir skjalafals með því að hafa árin 1988-1990 þrívægis notað í viðskiptum fölsuð skuldabréf, en á þau öll hafði

ákærði falsað nafn Halldóru K. Eyjólfsdóttur sem sjálfsskuldarábyrgðar- aðila, og verður skuldabréfunum lýst hér á eftir og notkun þeirra. Þau eru öll með jöfnum mánaðarlegum afborgunum:

1. Nr. 605320, út gefið 28. apríl 1989 af eiginkonu ákærða, Guðrúnu A. Sigurgeirsdóttur, til Alþýðubankans hf., að fjárhæð 410.000 kr., með 26 afborgunum, hinni fyrstu 17. september 1989. Notað til greiðslu á öðrum skuldabréfum ákærða og eiginkonu hans í bankanum.

2. Nr. 004765, út gefið 1. mars 1990 af Gunnari Magnússyni til Jöfurs hf., að fjárhæð 329.000 kr., með 14 afborgunum, hinni fyrstu 2. apríl 1990. Notað í bifreiðaviðskiptum, er ákærði keypti bíl af Jöfri hf. á nafni útgefanda bréfsins.

3. Nr. 520268, út gefið 7. október 1988 af Guðrúnu A. Sigurgeirsdóttur til SÍS, að fjárhæð 149.900 kr., með 18 afborgunum, hinni fyrstu 7. nóvember 1988. Notað til kaupa á hurðum í íbúð þeirra hjóna.

Telst þetta varða við 1. mgr. 155. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu skaðabóta og alls sakarkostnaðar''.

Ákærði heldur ekki uppi vörnum í málinu. Hér fyrir dómi hefur hann viðurkennt ákæruefnin rétt, eins og rakið verður og þá fylgt kaflaskiptingu í ákærinni.

1. Ákærði hefur viðurkennt að hafa falsað nafn móður sinnar, Halldóru K. Eyjólfsdóttur, sem sjálfsskuldarábyrgðarmanns á skuldabréfið, sem er rétt lýst í þessum ákærulið. Bréfið hafi hann afhent þáverandi eiginkonu sinni, Guðrúnu Austmar Sigurgeirsdóttur, er hafi afhent það Alþýðubankanum. Hún hafi vitað um fölsunina. Þessu hefur Guðrún neitað, bæði við lögregluþyrifirheyrslu og síðar fyrir dómi. Fyrir dómi kannaðist hún við að hafa gefið bréfið út, og hafi hún afhent það ákærða, er hafi fengið móður sína til að ábyrgjast það og afhent það síðan Alþýðubankanum.

2. Ákærði hefur viðurkennt að hafa ritað nafn móður sinnar á skuldabréfið, sem rétt er lýst í þessum ákærulið. Hann kvaðst hafa rætt um það við hana fyrir fram, að hún yrði á skuldabréfinu, en ekki fengið samþykki hennar til að rita nafn hennar á þetta tiltekna bréf. Hann kvaðst hafa afhent Jöfri hf. bréfið sem greiðslu fyrir bifreið. Nokkru síðar hafi bréfið gengið til banka og annað verið afhent í staðinn, og hafi móðir sín sjálf ábyrgst það. Þá hafi bifreiðin verið færð yfir á hennar nafn.

3. Ákærði hefur viðurkennt að hafa falsað nafn móður sinnar á skuldabréfið, sem rétt er lýst í þessum ákærulið. Hann hafi afhent það þáverandi eiginkonu sinni, áðurgreindri Guðrúnu Austmar, er hafi vitað um fölsunina. Hún hafi notað bréfið í viðskiptum við byggingavörudeild Sambands-

ins. Fyrir dómi hefur Guðrún Austmar neitað því að hafa vitað um fölsunina, en vildi ekki þvertaka fyrir að hafa ásamt ákærða afhent byggingavörudeildinni bréfið sem greiðslu fyrir hurðir í íbúðarhús, er þau voru að byggja á þessum tíma.

Eins og nú hefur verið rakið, er sannað með játningu ákærða, sem studd er öðrum gögnum, að hann hefur gerst sekur um skjalafals, eins og honum er gefið að sök í ákæruskjali. Eru verknaðir ákærða rétt færðir til refsí-ákvæðis í ákæru.

Samkvæmt sakavottorði ákærða hefur hann tvisvar sæst á sektargreiðslur fyrir umferðarlagabrot og einu sinni fyrir fjársvik. Árið 1984 var hann dæmdur í 30 daga varðhald, skilorðsbundið í tvö ár, og fjársekt fyrir tékkalagabrot.

Refsing ákærða nú verður ákveðin með hliðsjón af 77. gr. almennra hegningarlaga. Er hún hæfilega metin sjö mánaða fangelsi, en með hliðsjón af sakaferli hans er ákveðið, að fresta skuli fullnustu fjögurra mánaða af refsingunni, og skal sá hluti hennar falla niður að liðnum tveimur árum frá deginum í dag að telja, haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga, sbr. 4. gr. laga nr. 22, 1955.

Ein bótakrafa er í málinu. Ólafur Axelsson hrl. krefst bóta vegna skuldabréfs, sem lýst er í 3. ákærulið, samtals 161.175 kr. Krafan er um höfuðstól, 141.050 kr., og áfallna dráttarvexti, 20.125 kr. Ákærði samþykkti kröfuna.

Frumrit skuldabréfsins fylgdi ekki gögnum málsins, og var lögmanninum skrifað og honum gerður kostur á að leggja það fram. Í svarbréfi lögmannsins kemur fram, að skuldabréfið hafi verið lagt fram á bæjarþingi Reykjavíkur, og hafi þar verið árituð áskorunarstefna vegna þess í maí sl. Með vísan til þessa verður kröfunni vísað frá dómi.

Engan kostnað leiddi af rekstri málsins.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Franklín Friðleifsson, sæti fangelsi í sjö mánuði, en fresta skal fullnustu fjögurra mánaða af refsingunni, og skal sá hluti hennar falla niður að liðnum tveimur árum frá deginum í dag að telja, haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga.

Skaðabótakröfu Ólafs Axelssonar hrl. er vísað frá dómi.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.